

Bruggkeppni Fágunar 2024 Keppnisreglur

- Einungis “heimabruggaðir” bjórar sem bruggaðir eru af keppendum eru gjaldgengir í keppnina. Með “heimabruggaðir” er átt við að bjór sé ekki bruggaður í græjum sem tilheyra atvinnubrugghúsi. Almenn tölur við bruggara bara nálgast þetta með heiðarlegum hætti
- Ef fleiri en einn aðili kemur að bruggun bjórsins skal tiltaka alla bruggara eða hópnafn. Ef bjór hlýtur viðurkenningu eða vinnur til verðlauna teljast allir bruggarar/hópurinn sem sigurvegari ef við á.
- Þátttökugjald:
 - Þátttöku gjald er per bjór.
 - Fullgildir meðlimir Fágunar (sem hafa greitt árgjald fyrir árið 2024) borga ekkert fyrir fyrsta innsendan bjór í hverjum flokki. Greiða þarf 1000kr fyrir hvern umfram það eða ef skilað er fleiri en einum bjór í sama keppnisflokk. Skilyrði er að félagsmaðurinn sé sjálfur bruggari eða meðbruggari bjórsins. Greiða þarf fyrir hvern umfram það eða ef skilað er fleiri en einum bjór í sama keppnisflokk.
 - Aðrir borga 2000kr fyrir fyrsta innsendan bjór í hverjum flokki og 1500kr eftir það. Bjór er ekki gjaldgengur í keppnina nema gjald sé greitt að fullu.
- Skila skal inn 6 (sex) 330ml (eða stærri) flöskum af hverjum keppnisbjór.
- Keppanda ber að skila inn útprentuðu [skráningarblaði](#) fyrir hvern bjór og **líma sérstaka keppnismiða á hverja flösku**. Flöskur mega ekki vera merktar á neinn þann hátt að hægt sé að tengja þær við keppendur.
- Keppandi skal tiltaka hvaða stíl bjórinn tilheyrir. Fara skal sem næst eftir þeim BJCP 2021 bjórstílum sem skilgreindir eru og listaðir á https://www.bjcp.org/download/2021_Guidelines_Beer.pdf. Bjórar verða meðal annars dæmdir eftir því hversu vel þeir falla að stílnum sem keppandi tilgreinir. Ef vafi leikur á að bjór falli undir nokkurn stíl skal tilgreina stíl sem “34. Specialty Beer.”.
- Innsendum bjórum er skipt í þrjá (3) flokka er tilgreindir eru hér að neðan. Keppanda ber að tilgreina í hvaða flokk bjórinn fellur á skráningarblaði. Dómnefnd getur þó fært bjór til milli flokka ef ástæða er til:
 - Sérflokkur er “mjöður”; Tilgreina skal tegund/stíl drykkjarins í lýsingu eftir því sem við á og fylla almennt út keppnisgögn þarna eins og með aðra innsenda drykki.
 - Ljós flokkur, þeir bjórar sem eru reiknaðir SRM 19 eða lægra á litakvarða.
 - Dökkur flokkur, þeir bjórar sem eru reiknaðir SRM 20 og hærra.
- Viðurkenningar verða veittar fyrir 1. til 3. sæti í hverjum flokki. Séu færri en 5 bjórar í flokki aðeins veitt verðlaun fyrir besta bjór flokksins.
- Besti bjór keppinnar verður valinn einn af þeim bjórum/drykkjum sem hafna í 1.-2. sæti í hverjum keppnisflokki. Dómnefnd ræður hvort hún færi einn eða tvo bjóra áfram í úrslitin.
- Aukaverðlaun verða veitt fyrir frumlegasta/á hugaverðasta bjórinn/drykkinn að mati dómnefndar. Allir þrjú keppnisflokkar koma til greina hér.
- Aukaverðlaun verða veitt fyrir besta heildarútlit, að meðtöldu bjórnafrni að mati gesta á úrslitakvöldi. Ef keppnisbjór á að keppa hér þarf að skila inn aukaflokk sérstaklega í þá keppni. Ekki er skylda að nefna bjór sem sendur er í keppnina. Ef ekki keppa fleiri en þrjár flöskur hér fellur keppnin niður.
- Að lokinni keppni verða birt dómablað með dómum um alla bjóra sem tóku þátt í keppninni og gerð aðgengileg fyrir bruggara sem sendi þau inn. Vitja verður vinninga innan viku frá keppnislokum.

- Uppskriftir bjóra sem sendir eru í keppnina verða eign keppanda. Mælt er til að sigurvegarar birti uppskriftir á fagun.is og/eða [Heimabruggaraspjallinu](https://www.facebook.com/heimabruggaraspjallinu) í samstarfi við stjórn Fágunar.
 - Ef vafi leikur á að innsendur bjór uppfylli skilyrði þessi hefur dómnefnd lokaákvörðun varðandi hæfni bjórsins til að taka þátt í keppninni. Ef bjór er vísað úr keppni fæst þátttökugjald ekki endurgreitt.
 - Skila þarf flöskum merktum með réttum keppnismörkingum eigi síðar en tveimur dögum fyrir keppnisdag, sem er 4. maí, 2024, svo skilafrestur er til 2. maí. Fyrir ef dómnefnd kemur ekki saman á keppnisdag. Skilastaður verður auglýstur á síðu viðburðarins á Facebook tveimur vikum fyrir keppnisdag.
-
- Greitt keppnisgjald (eða árgjald í Fágun) telst einnig sem greiddur aðgangseyrir fyrir einn á keppniskvöldið 4. maí. Sé um “brugghóp” að ræða skulu aðrir, sem ekki eru meðlimir í Fágun, greiða fyrir aðgang eins og aðrir gestir, utan eins meðlims sem fær ókeypis aðgang hafi keppnisgjald verið greitt.